

# Menntun fyrir alla á Íslandi

## Tillögur stýrihóps um fyrstu aðgerðir

30. júní 2017

Skýrsla Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir um úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar í leik-, grunn- og framhaldsskólum á Íslandi var kynnt formlega í mars s.l. og jafnframt skrifuðu helstu hagsmunaaðilar skólasamfélagsins undir samstarfsyfirlýsingu um að fylgja niðurstöðum skýrslunnar eftir. Í byrjun maí var skipaður stýrihópur um eftirfylgni úttektarinnar með fulltrúum sömu aðila sem hefur fundað sex sinnum. Hópurinn er skipaður til loka árs 2019 og með honum starfar verkefnisstjóri.

Stýrihópnum er ætlað að:

- fara ítarlega yfir tillögur í úttektarskýrslunni,
- útbúa raunhæfa aðgerðaáætlun til lengri og skemmri tíma til að festa í sessi farsæla framkvæmd menntunar án aðgreiningar,
- útfæra samstilltar aðgerðir um framkvæmd þeirra þriggja lyftistanga sem eru nauðsynlegur grundvöllur fyrir starf að öðrum niðurstöðum úttektar og þróun skólakerfisins,
- Útfæra aðgerðir sem eru nauðsynlegur grundvöllur þeirra þriggja grunnstoða sem aðrar niðurstöður úttektarinnar byggja á og stuðla jafnframt að þróun skólakerfisins,
- gera tillögur um útfærslu á þeim sjö vísbendingum sem úttektin sýnir að koma þurfi í framkvæmd,
- gera tillögur um hvernig nýta megi samstarfsvettvang aðila sem er fyrir hendi til að styrkja framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar er lýtur m.a. að samstarfi ráðuneyta, samstarfi ríkis og sveitarfélaga, menntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda og hvers konar stoðkerfum.

Stýrihópurinn hefur farið ítarlega yfir niðurstöður og tillögur skýrslunnar og gert fyrstu tillögur um aðgerðir sem heyra undir vísbendingarnar sjö og grunnstoðirnar þrjár :

- Umræður meðal þeirra sem vinna að menntamálum um hvernig verði best staðið að menntun án aðgreiningar (1. tillaga).
- Athugun og endurskoðun á núverandi fjármögnunarreglum (5. tillaga).
- Samkomulag um reglur um lágmarksþjónustu við nemendur, foreldra og skóla til að styðja við framkvæmd menntunar án aðgreiningar (6. tillaga).

Í tillögum stýrihópsins um aðgerðir er ekki gerð grein fyrir mati á aðgerðum, heildartímalengd eða fjármögnun. Við nánari útfærslu á aðgerðaáætluninni mun stýrihópurinn gera grein fyrir þeim þáttum.

**1. TILLAGA**

**Allir sem vinna að menntamálum líti á skólastarf án aðgreiningar sem grundvöll gæðanáms fyrir alla nemendur.**

**Aðgerð 1.1** Halda málþing um skilning á hugtakinu menntun án aðgreiningar og ábyrgðarsvið einstakra aðila skólasamfélagsins að því er varðar framkvæmd opinberrar stefnu, eftirlit og mat.

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti

**Tími:** 24. ágúst 2017

**Aðgerð 1.2** Kynna og ræða í skólasamfélaginu og meðal allra hagsmunaaðila skilning á hugtakinu um menntun án aðgreiningar og framkvæmd stefnunnar .

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti

**Tími:** Skólaárið 2017-2018

**Aðgerð 1.3** Greina og gera úttekt á inntaki og umfangi menntarannsókna.

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti

**Tími:** Skólaárið 2017-2018

## 2. TILLAGA

**Löggjöf og stefnumótun á vettvangi ríkis og sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu menntunar án aðgreiningar á grundvelli réttar hvers og eins.**

**Aðgerð 2.1** Lýsa og greina núverandi verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis, velferðarráðuneytis, sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem snerta menntun án aðgreiningar.

**Ábyrgð:** Ráðuneytin tvö og Samband íslenskra sveitarfélaga

**Samstarfsaðilar:** Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

**Tími:** September 2017 – janúar 2018

**Aðgerð 2.2** Gera tillögur um aukið samstarf og eftir atvikum breytingar á regluverki sem bæta framkvæmd stefnunnar um menntun án aðgreiningar.

**Ábyrgð:** Ráðuneytin tvo og Samband íslenskra sveitarfélaga

**Tími:** Janúar 2018 – mars 2018

## 3. TILLAGA

**Stefna ríkis og sveitarfélaga á sviði menntunar án aðgreiningar festi í sessi stjórnskipulag og gæðastjórnunarkerfi sem stuðla að árangursríkri framkvæmd á öllum skólastigum.**

**Aðgerð 3.1** Koma á samstarfsvettvangi ríkis og sveitarfélaga og annarra lykilaðila um samræmda framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar (3.9).

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
**Samstarfsaðilar:** Velferðarráðuneyti,  
Samband íslenskra sveitarfélaga og aðrir lykilaðilar  
**Tími:** Hefja í september 2017

**Aðgerð 3.2** Skilgreina viðmið um framkvæmd stefnunnar um menntun án aðgreiningar.

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
**Samstarfsaðilar:** Velferðarráðuneyti, Menntamálastofnun og  
Samband íslenskra sveitarfélaga.  
**Tími:** Mars - september 2018

**TILLAGA 4**

**Allir starfsmenn á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi geti ígrundað og sinnt daglegum störfum sínum með menntun án aðgreiningar að leiðarljósi og byggt þannig upp lærdómssamfélag.**

**Aðgerð 4.1** Styðja við skólastjórnendur á öllum skólastigum til að sinna hlutverki sem faglegir leiðtogar.

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög  
**Samstarfsaðilar:** Kennarasamband Íslands og Skólameistarfélag Íslands  
**Tími:** Hefja í janúar 2018

**Aðgerð 4.2** Innleiða starfshætti lærdómssamfélagsins í öllum skólum.

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög  
**Samstarfsaðilar:** Kennarasamband Íslands og Skólameistarfélag Íslands  
**Tími:** Hefja í janúar 2018

**Aðgerð 4.3** Skilgreina þjónustusvæði sem eru sameiginleg fyrir menntamál, heilbrigðis- og félagsþjónustu með það fyrir augum að styðja við menntun án aðgreiningar.

**Ábyrgð:** Ráðuneytin tvö og Samband íslenskra sveitarfélaga  
**Tími:** Desember 2018 - desember 2019

**TILLAGA 5****Fyrirkomulag fjárveitinga og reglur um ráðstöfun fjár auki skilvirkni, jafnræði og möguleika á að framkvæma stefnu um menntun án aðgreiningar**

**Aðgerð 5.1** Gera úttekt á núverandi fjárveitingareglum á öllum skólastigum.

**Ábyrgð:** Ráðuneytin tvö og Samband íslenskra sveitarfélaga  
**Samstarfsaðilar:** Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands og Skólameistarfélag Íslands  
**Tími:** Skólaárið 2017-2018

**Aðgerð 5.2** Leggja fram tillögur um fyrirkomulag fjárveitinga og reglur um ráðstöfun fjár sem auka skilvirkni, jafnræði og möguleika á að framkvæma stefnu um menntun án aðgreiningar

**Ábyrgð:** Ráðuneytin tvö og Samband íslenskra sveitarfélaga  
**Samstarfsaðilar:** Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands og Skólameistarfélag Íslands  
**Tími:** Skólaárið 2018-2019

**TILLAGA 6**

**Efla og samhæfa stuðningskerfi fyrir öll skólastig svo þjónustan verði samfelld í námsumhverfi menntunar án aðgreiningar.**

**Aðgerð 6.1** Setja lágmarksviðmið um þjónustu á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

<b>Ábyrgð:</b>	Ráðuneytin tvö og Samband íslenskra sveitarfélaga
<b>Samstarfsaðilar:</b>	Aðilar að samstarfsyfirlýsingu um eftirfylgni úttektarinnar og undirstofnanir viðkomandi ráðuneyta
<b>Tími:</b>	September – desember 2018

**TILLAGA 7**

**Grunnmenntun og fagleg starfsþróun grundvallist á stefnu um menntun án aðgreiningar svo allir geti tileinkað sér árangursríka starfshætti.**

**Aðgerð 7.1** Kanna hvort, og þá hvernig, aðgerðir um starfsþróun vegna menntunar án aðgreiningar falli að hlutverki og starfi samstarfsráðs um starfsþróun kennara og stjórnenda.

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti

**Samstarfsaðilar:** Samstarfsráð um starfsþróun kennara og stjórnenda

**Tími:** Lokið 31. ágúst 2017